

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps
vegna Áshildarmýrar, Sandholts og Kálfhóls.

Skipulagsstofnun staðfesti, 4. mars 2019, breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016 sem samþykkt var í sveitarstjórn 6. febrúar 2019.

Í breytingunni felst að frístundabyggð og að hluta til blönduð landnotkun í Áshildarmýri (F4), í Sandholti (F41) og í landi Kálfhóls breytist í íbúðarbyggð fyrir samtals 31 íbúðarlóð.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 4. mars 2019.

F.h. forstjóra,

Hafdís Hafliðadóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.